

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1789

HÚSAVÍKURBÆR komudagur 7.5.2003

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

Alþingi  
- Umhverfisnefnd  
v/ Austurvöll  
150 Reykjavík

Húsavík, 5. maí 2003

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarssýslu, 128. löggjafarþing – 637. mál.**

Á fundi sínum 2. maí s.l. fjallaði bæjarráð Húsavíkurbæjar um ofangreint frumvarp og var svohljóðandi umsögn samþykkt samhljóða.


*Bæjarráð telur að frumvarpið hafi almennt í för með sér jákvæðar breytingar fyrir stjórnarsýslu í Skútustaðahreppi og að samþykkt þess sé framfaraspor frá núgildandi lögum um vernd Mývatns og Laxár nr. 36/1974.*

*Frumvarpið og greinargerðin með því bera þess merki að fallist sé á þau sjónarmið, sem heimamenn hafa um nokkurt skeið haldið á lofti, að óþarft sé að festa í sér lög ákvæði sem almenn löggjöf í landinu tekur á og er það vel. Í því ljósi vekur það furðu bæjarráðs að í frumvarpinu skuli gert ráð fyrir því að lögin taki sérstaklega til vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár (sbr. 2. mgr. 2. gr. og 4 og 6. gr.). Almenn löggjöf sem tekur á vatnsvernd, s.s. vatnalög og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðir settar á grundvelli þeirra, hljóta að vera fullnægjandi til að tryggja nauðsynlega vatnsvernd á þessu vatnasvæði, eins og öðrum.*

*Að öðru leyti tekur bæjarráð efnislega undir umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps um frumvarpið frá 10. apríl s.l.*

*Í ljósi ákvæða frumvarpsins um sérstaka vatnsvernd á skilgreindu vatnasviði Mývatns og Laxár, sem hefur í för með sér verulega aukið inngrip í stjórnarsýslu Húsavíkurbæjar, telur bæjarráð það óeðlilegt að frumvarpið hafi ekki verið sent sveitarfélaginu til umsagnar fyrr en bæjarstjóri gékk eftir því sérstaklega.*

Með vinsemd og virðingu,

Bæjarstjórn Húsavíkur  
  
Reinhard Reynisson